

159 vel vætt í kresólvatni (5%) eða öðrum álika virkum sóttvarnarlegi. Ef um lík manns er að ræða, sem dáíð hefur úr næmum sjúkdómi þess háttar, að sóttætta geti stafað af líkinu, skal trékistan vera svo lagarheld sem unnt er: tjörguð að innan og bik í samskeytum. Líkinu skal fylgja greinilegt vottorð héraðslæknis um umbúnað þess og sérstaklega tekið fram, hvort um næman sjúkdóm sé að ræða, er sóttætta geti stafað af.

3. gr.

Héraðslæknir má veita undanþágu frá ákvæðum 2. gr., þegar um mjög stuttar ferðir er að ræða, lík aðeins fárra daga gamalt og sóttætta kemur ekki til greina. Undanþágu þessa veitir héraðslæknir skriflega.

4. gr.

Nú óskar maður að grafa upp lík til að flytja það í burtu, og skal þá leita heimildar ráðherra. Ef ráðherra heimilar uppgröftinn, segir hann nánar fyrir um, hverjar varúðarráðstafanir skuli við hafðar.

5. gr.

Reglur þessar hagma ekki almennum ákvæðum sóttvarnarlaga um frekari öryggisráðstafanir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum 50—500 kr., nema þyngri refsingu varði samkvæmt almennum lögum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 28 27. júní 1941, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 27. september 1941.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Gústav A. Jónasson.

160 Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Soffíu
29. sept. Skúladóttur frá Odda“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju-
málaráðherra 29. september 1941.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Soffíu Skúladóttur frá Odda.

1. gr.

Minningarsjóður Soffíu Skúladóttur er stofnaður af nemendum hennar á Akra-
nesi, og er höfuðstóllinn í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, að upphæð kr. 330.00 —
þrjú hundruð og þrjátíu krónur —.

2. gr.

Sjóðinn skal varðveita í Söfnunarsjóði Íslands, ásamt því er bætast kann við
höfuðstóllinn. Skulu allir vextir leggjast við höfuðstól, þangað til árið 1957. Frá þeim

tíma skulu $\frac{3}{4}$ — þrír fjórðu hlutar — vaxta leggjast við höfuðstól árlega, en $\frac{1}{4}$ — einn fjórði hluti — vaxta greiðast stjórn sjóðsins. Skal hún þannig skipuð, að aðal- 160
nefnd sú, er hefur með höndum fjársöfnun til byggingar húsmæðraskóla á Akranesi, 29. sept.
annist og stjórn sjóðs þessa, unz húsmæðraskóli tekur til starfa á Akranesi. Eftir þann tíma tekur stjórn húsmæðraskólans við stjórn sjóðsins.

3. gr.

Útborguðum vöxtum sjóðsins skal varið til verðlauna handa þeim stúlkum, er skara fram úr við nám í húsmæðraskóla Akraness. Þá er fjárhagur sjóðsins leyfir, má og verja fé þessu til þess að styrkja til framhaldsnáms efnilegar stúlkur, er lokið hafa námi við húsmæðraskóla á Akranesi.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu endurskoðendur reikninga Ytri-Akraneshrepps (Akraneskaupstaðar) jafnan eiga aðgang að reikningum og bókum sjóðsins til yfirskoðunar.

5. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá þessari.

6. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

REGLUGERÐ

um skipun slökkviliðs og brunamála í Búðakauptúni.

161

29. sept.

I. KAFLI

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í Búðakauptúni skal falin þriggja manna nefnd, og eiga sæti í henni oddviti hreppsnefndar, slökkviliðsstjóri og einn maður, er hreppsnefnd kýs til þriggja ára í senn.

2. gr.

Brunamálanefnd hefur á hendi stjórn brunamála í Búðakauptúni, að svo miklu leyti, sem starfið heyrir ekki beinlínis undir slökkviliðsstjóra.

Hún skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum brunamálalaganna og reglugerðar þessarar sé í öllu framfylgt.

II. KAFLI

Hver slökkvitæki kaupúnið skuli eiga, og viðhald þeirra.

3. gr.

Búðakauptúni er skylt að eiga, auk slökkvistöðvar í nothæfu ástandi, að minnsta kosti þessi slökkvitæki og áhöld: 1 véldælu, 400 metra slöngur með tilheyrandi tengslum og stútum, 1 björgunarstiga, 1 áhalda- og slönguvagn, eldvarnasegl, 2 reykgrímur, 2 krókstjaka, 15 hjálma ásamt öðrum smærri áhöldum.